

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Elsa María Guðmundsdóttir, Júlía Þorvaldsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari og Hilmar Örn Jónasson.

Afboða, mæta ekki : Oddur Örnólfsson, Emil Örn Harðarson.

Fundur nr. 1 25.06.2021 settur kl. 20.00. Fundurinn var haldin á AMÍ á Akureyri

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Að loknu sundþingi

- a. Verkaskipting stjórnar. Formaður leggur til eftirfarandi:
 - i. Varaformaður Júlía Þorvaldsdóttir
 - ii. Gjaldkeri: Viktoría Gísladóttir
 - iii. Ritari: Hörður Oddfríðarson
 - iv. Ofantaldir aðilar skipa einnig framkvæmdaráð
- b. Skipun nefnda
 - i. Dómaranefnd starfar óbreytt frá fyrra starfstímabili. Erindisbréf verður sent á nefndina.
 - ii. Aga- og síðanefnd. Ásdís Vatnsdal hefur samþykkt að vera formaður aga- og síðanefndar. Hildur Karen Aðalsteinsdóttir hefur einnig samþykkt að starfa áfram í nefndinni. Rætt var um fleiri fulltrúa. Reynt verður að klára að skipa í nefndina fyrir næsta stjórnarfund og senda erindisbréf á nefndina.
 - iii. Kjörnefnd. Klárað verður að skipa í kjörnefnd fyrir næsta stjórnarfund og senda erindisbréf á nefndina.
- c. Lykilverkefni
 - a. Mannvirki til æfinga og keppni
 - i. Lagt til að Eyleifur leiði starfshópin fyrir hönd stjórnar SSÍ. Tillögur að mönnum hópsins ræddar og nöfn sett niður.
 - b. Þjódarleikvangur
 - i. Lagt til að Hörður leiði starfshópin fyrir hönd stjórnar SSÍ. Tillögur að mönnum hópsins ræddar og nöfn sett niður. Talað verður við viðkomandi einstaklinga og kynnt á næsta fundi.
 - c. Iðkendafjöldi
 - i. Lagt til að Leifur Guðni leiði starfshópin fyrir hönd stjórnar SSÍ. Tillögur að mönnum hópsins ræddar og nöfn sett niður. Lagt var til að Eyleifur starfi einni í nefndinni.
- d. Samningur við formann var endurnýjaður á sömu nótum og samningur fyrra tímabils. Formaður yfirgaf fundinn undir þessum lið.
- e. Júlía og Leifur Guðni munu leiða hóp sem mun fara yfir tilgang og meginhlutverk starfsnefnda SSÍ. Skal þeirri vinnu vera lokið eigið síðar en 1. Otkótber 2021.

- f. Starfsfólki SSÍ er falið að koma upp færðum gögnum frá sundþingi á vef SSÍ.
- g. Stjórn staðfestir breytingar á sundþingi.

3. Mót og starfsemi

- h. Sumarmót SSÍ var haldið 5-6 júní. Mótið gekk vel og lágmörk náðust á EMU og NÆM. Mótið er klárlega komið til að vera og verður haldið með stærra sniði á næsta ári.
- i. AMÍ er í fullum gangi og gengur mjög vel og góð stemning í hópnum. Keppendur eru 275 frá 17 félögum.
- j. Farið var yfir breytingar á atburðardagatali. Nýtt atburðadagatal verður tilbúið í næstu viku. Póstur hefur verið sendur á alla formenn og yfirþjálfara allra félaga varðandi umsókn móta á næsta tímabili, en einungis tvö hafa svarað. Þessir aðilar verða hvattir til að senda þessar upplýsingar inn fyrir sumarleyfi.

4. Afreksmál

- EMU og NÆM verið að ganga frá skráningum og sameiginlegar æfingar framundan. EMU hópur fer út 4. Júlí og NÆM fer 8. Júlí.
- Ingibjörg Ýr Pálmadóttir fer sem dómari á EMU.
- ÓL. Búið að sækja um fyrir Snæfríði. Leifi fer til DK og fer þaðan til Tokýo og hitta Anton og þjálfara hans Albert Subiratis þar.
- Búið er að klára lágmarkaskjal fyrir næsta sundár og kemur út í vikunni.
- Skipuleggja verkefni fyrir næsta sundár m.a æfingadaga fyrir framtíðarhóp og þjálfarahelgi. Þar sem erlendur fyrirlesari er væntanlegur.

5. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir fundinum.

6. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
<i>Eygló Ósk Gústafsdóttir</i>	<i>Fjölnir</i>		<i>14.06.2021</i>	<i>14.07.2021</i>
<i>Staðfest</i>				

7. Staðfesting meta

50 metra laug

Piltar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m bringusund	Daði Björnsson	SH	29:39	06.06.2021	Ásvallalaug
100m bringusund	Daði Björnsson	SH	1:04.52	05.06.2021	Ásvallalaug

Staðfest

8. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
07.06.2021	Sumarþjarnám ÍSÍ	ÍSÍ
14.06.2021	Strandsundknattleiksmót	SH
15.06.2021	Youth Europan Artistic swimming	LEN
18.06.2021	Kæra frá sundfélaginu Ármanni	HJ
18.06.2021	Skýrsla frá iðkanda	
21.06.2021	Hádegisfundur um næringarfræði íþróttafólks	ÍSÍ
25.06.2021	Aflétting allra samkomutakmarkana	ÍSÍ

Önnur mál:

- Kæra hefur borist frá sundfélaginu Ármanni vegna Reykjavíkurméistaramóts 2021 sem haldið var 12. - 13 Júní. Kæra á ekki erindi til SSÍ nema um SSÍ mót sé að ræða eða opin félagsmót. Þarna er um héraðsmót að ræða. Ármanni verður sent svar við kærinni.
- Skýrsla frá iðkanda barst vegna Reykjavíkurmóts 2021. Stjórn SSÍ vísar málinu til aga- og siðanefndar þegar að hún verður fullmönnuð eftir sumarleyfi.
- Ársþing FINA var haldið í Katar þann 5. júní s.l. Formaður og Ritari SSÍ munu sátu þingið í gegnum fjarfundarbúnað.
- Álykta um sundkennslu í skólum samanber fjölmiðlaumfjöllun. Leifi og Ingibjörg setja saman texta.
- Skrifstofa SSÍ fer í frí eftir næstu viku eftir. Setja tilkynningu á Facebook og Heimasíðu.

Fundi slitið kl. 21:50